

Fundargerð

Bogfimisamband Íslands BFSÍ

Dagsetning: **13.04.2023**

Fundinn sátu: **Guðmundur Örn Guðjónsson, Astrid Daxböck, Albert Ólafsson, Oliver Ormar Ingvarsson og Haraldur Gústafsson. Valgerði Einarsdóttir Hjaltsted var boðið til fundarins með málfrelsi og tillögurétt sem starfsmanni BFSÍ.**

Fundargerð ritaði: **Oliver Ormar Ingvarsson**

Fundur settur kl. **21:00**

Á fundinum voru tekin upp eftirfarandi mál:

1. Samþykkt fundargerða fyrri stjórnarfunda

1.1. Stjórnarfundur 05.01.2023, fundargerð fylgir fundarboði.

1.1.1. **Fundargerð samþykkt einróma**

1.1.2. Starfsmönnum falið að birta fundargerð á vefsíðu sambandsins

1.2. Þinggerð annars Bogfimiþings BFSÍ staðfest af þingforseta

1.2.1. **Fundargerð samþykkt einróma**

1.2.2. Starfsmönnum falið að birta fundargerð á vefsíðu sambandsins

2. Staða/framkvæmd verkefna af fyrri fundum.

2.1. Breytingar á reglugerðum BFSÍ sem samþykktar voru á síðasta fundi og birting á vefsíðu BFSÍ – Lokið

2.2. Skipulag Bogfimiþings BFSÍ – Lokið

3. Samþykkt á milli stjórnarfunda

3.1. Skýrsla stjórnar BFSÍ 2022 – Samþykkt í tölvupósti 20.02.2023

3.2. Tillaga að félagsgjöldum BFSÍ – Samþykkt í tölvupósti 20.02.2023

3.3. Lagabreytingartillögur stjórnar BFSÍ fyrir þing – Samþykkt í tölvupósti 20.02.2023

3.4. Framboð og önnur mál fyrir þing – Samþykkt í tölvupósti 20.02.2023

3.5. Fulltrúafjöldi og kjörbréf fyrir þing – Samþykkt í tölvupósti 20.02.2023

3.6. Dagskrá þings – Samþykkt í tölvupósti 20.02.2023

3.7. Síðara þingboð – Samþykkt í tölvupósti 20.02.2023

3.8. Tillögur um NM fyrir Norðurlandþing – Samþykkt í tölvupósti 21.02.2023

3.9. Tilnefningar til jafnréttisverðlauna WA – Samþykkt í tölvupósti 09.03.2023

3.10. Ársreikningur BFSÍ 2022 – Samþykkt í tölvupósti 10.03.2023 og sent til skoðunarmanna

3.11. Uppfærð lög BFSÍ eftir breytingar á Bogfimiþingi – Samþykkt með rafrænni undirskrift stjórnarmanna 17.03.2023

3.12. Tillaga um breytingu á úthlutun lottótekna fyrir íþróttþing ÍSÍ – Samþykkt í tölvupósti 4.4.2023

4. Tillaga um samþykkt allra tillaga í fundarboði:

(stjórn óskaði eftir því að þessum lið yrði bætt við á stjórnarfundum á stjórnarfundum 22.12.2021)

Tilgangur þessarar tillögu er að ef að sátt er þegar til staðar um öll atriði og forsendur þeirra, í ítarlegu fundarboði sem formaður sendir út, að mögulegt sé að samþykkja allar tillögur í fundarboði einu bretti og ljúka fundi fyrr. Ef tillagan er samþykkt einróma þá telst allt neðangreint samþykkt í samræmi við fundarboðið og er þá farið beint í liðinn „Önnur mál“. Ef tillagan er ekki samþykkt einróma verður farið yfir hverja tillögu í fundarboði fyrir sig, lið fyrir lið.

4.1. Formaður fer í stuttu máli yfir allar tillögur í fundarboði.

4.2. Opnað fyrir umræður um tillögu, enginn kveður sér máls.

4.3. Tillaga samþykkt einróma

5. Tillaga um breytingar á reglugerð um Íslensk mót:

Í stuttu máli lagfæringar á reglugerðinni til þess að stemma við breytingar World Archery Nordic (Norðurlandasambandsins) á fjarlægðum á Norðurlandameistaramóti ungmenna utandyra. (Í stuttu máli að fjarlægðir fyrir ungmenna flokka á Íslandi sé samræmt við NM ungmenna). Þar sem fjarlægð fyrir U21 flokk í sveigboga á NM ungmenna var breytt frá 70 metrum í 60 metra þá þarf að bæta því við undir lið 8.1 í reglugerðinni. Allar aðrar fjarlægðir eru óbreyttar. Orðalagi breytt svo að mögulegt sé að halda Íslandsmeistaramót í hverri keppnisgrein sem sitt hvort mótið og nokkrar lagfæringar á orðalagi. Fylgir fundarboði.

5.1. Samþykkt einróma í samræmi við lið 4

6. Tillaga um verkaskiptingu meðstjórnenda stjórnar eftir Bogfimiþing:

Í samræmi við lög BFSÍ skiptir stjórn með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir Bogfimiþing. Þar sem engar breytingar urðu á stjórn leggur formaður fram tillögu að samsetning stjórnar sé sú sama og var áður til næsta þings. Samsagt:

Albert Ólafsson gjaldkeri

Haraldur Gústafsson varaformaður

Oliver Ormar Ingvarsson ritari

Astrid Daxböck meðstjórnandi

6.1. Samþykkt einróma í samræmi við lið 4

7. Tillaga um að nota starfsmenn BFSÍ til þess að rita fundargerðir stjórnarfunda:

Í samræmi við markmið um að minnka álag og sjálfböða vinnu sem stjórnarmenn BFSÍ þurfa að leggja af hendi og færa verkefni meira yfir á starfsfólk BFSÍ. Er tillaga um að fela starfsmanni BFSÍ að rita fundargerðir stjórnarfunda í framtíðinni. Þó væri ávallt skipað í stöðu ritara innan stjórnar BFSÍ sem bæri ábyrgð á samskiptum við starfsmann sem ritar fundargerðina og að fundagerðum sé lokið, skilað og birtar tímanlega.

7.1. Samþykkt einróma í samræmi við lið 4

- 8. Önnur mál. (önnur mál sem kynnt eru í fundarboði, almennt ekki mál sem taka þarf ákvarðanir um, mest umræður/kynningar/upplýsingar og staða mála og ýmissa verkefna stjórnar)**
- 8.1. Frágangur eftir Bogfimiþing (listi settur upp í fundargerð til að auðvelda aðilum í framtíðinni svo að minni líkur séu á að atriði gleymist tengt formsatriðum sem þarf að klára eftir þing)
- 8.1.1.Senda tilkynningar form um breytingu á stjórn BFSÍ undirritað af öllum stjórnarmönnum og varamönnum til RSK (sent - í vinnslu)
- 8.1.2.Senda breytt lög BFSÍ undirrituð af öllum stjórnarmönnum og varamönnum til RSK (sent - í vinnslu)
- 8.1.3.Senda breytingar á stjórn BFSÍ til ÍSÍ og breyta stjórn í Felix - (lokið)
- 8.1.4.Senda uppfærð lög til ÍSÍ og fá staðfestingu framkvæmdarstjórnar ÍSÍ á þeim – (sent í vinnslu)
- 8.1.5.Senda breytingar á stjórn BFSÍ til WA, uppfæra tímabil stjórnarmanna í extranet og bæta við nýjum skráningum fyrir ný tímabil á extranet – (lokið)
- 8.1.6.Hlaða upp uppfærðum lögum BFSÍ til WA (extranet) – (lokið)
- 8.1.7.Uppfæra upplýsingar um þing í upplýsingum WA (extranet) – (lokið)
- 8.1.8.Birta gögn sem samþykkt voru á þinginu í lokamynd þeirra á þingsíðu (lokið)
- 8.1.9.Senda skýrslu stjórnar (afrekshluta skilagrein) á Afrekssjóð ÍSÍ og ljúka uppgjori tengt árinu 2022 við ASJ – (sent – í vinnslu)
- 8.1.10. Uppfæra skjöl á þeim stöðum sem þau eru birt á vefsíðu sambandsins – (lokið)
- 8.1.10.1. Uppfærð lög – Birt
- 8.1.10.2. Uppfærð Afreksstefna – Birt
- 8.1.10.3. Aðildargjöld BFSÍ – Birt
- 8.1.10.4. Heildarstefna BFSÍ – Óbreytt er þegar birt
- 8.1.10.5. Aðgerðaáætlun Afreksstarfs – Óbreytt er þegar birt
- 8.1.10.6. Ársreikningar – Birtir (og búin til ný síða þar sem hægt er að nálgast alla ársreikninga frá upphafi)
- 8.1.10.7. Ársskýrsla (Skýrsla stjórnar) – Birt (og búin til ný síða þar sem hægt er að nálgast allar ársskýrslur frá upphafi)
- 8.1.11. Senda þinggerð (fundargerð) á þingforseta og fá hana staðfesta – (lokið)
- 8.1.12. Senda þinggerð (fundargerð) á sambandsaðila, ÍSÍ og WA – (lokið)
- 8.1.13. Senda upplýsingar á banka um breytingar á stjórn – Óbreytt stjórn því ekki þörf að breyta
- 8.2. Íþróttastjóri fjallar stutt um stöðu afreksstarfs og skipulag eftir að EM innandyra var aflýst.
- 8.3. Valgerður kynnir stutt Olympic Scholarship for Coaches á vegum WA, WAEC og OS sem hún mun sækja um í.
- 8.4. Valgerður fjallar stutt um nýjan sambandsaðila UMF Aftureldingu og þann stuðning sem BFSÍ mun veita til að koma starfi af stað í félaginu.
- 8.5. Gjaldkeri fjallar stutt um ársfjórðungs uppgjör fyrsta ársfjórðungs.
- 8.6. Gjaldkeri óskar eftir að bókfært verði ánægju sinni og stolti á Valgerði Einarsdóttir Hjaltested fyrir að hafa unnið þátttökurétt fyrir Ísland á Evrópuleikana 2023, aðrir stjórnarmenn taka undir það.
- 8.7. Almenn umræða um næstu og núverandi verkefni stjórnar